

Vöktun Þingvallavatns árið 2025

Hafrannsóknarstofnun leggur fram eftirfarandi áætlun um vöktun Þingvallavatns. Áætlunin hefur verið endurskoðuð og uppfærð fyrir árið 2025 og er gerð á grundvelli samnings Landsvirkjunar, Orku Náttúrunnar, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps um vöktun á vistkerfum Þingvallavatns sem gildir til loka árs 2027 (undirritaður 3/9/2025). Samningurinn gerir ráð fyrir framgangi þess vöktunarverkefnis sem hefur verið í gangi síðan 2007 og leiðir í ljós ástand vistkerfisins á hverjum tíma, áhættumat, fylgist með langtímabreytingum, metur áhrif frá mannlegri starfsemi, og hugsanleg áhrif mengunaróhappa. Fram til ársins 2023 sáu Náttúrufræðistofa Kópavogs og Hafrannsóknastofnun um vöktunina en eftir að rannsóknnum var hætt á Náttúrufræðistofunni voru verkefnið færð til Hafrannsóknastofnunar á sama tíma og fyrrum starfsmenn Náttúrufræðistofu hófu störf á Hafrannsóknastofnun.

Frá árinu 2007 hefur verið fylgst með samfélögum svifþörungum, svifdýra, hitaferlum, sýrustigi, rafleiðni, magni næringar-, snefil- og aðalefna, TOC og alkalinity. Þá hefur vistfræðilegt ástand murtustofnsins verið vaktað árlega. Eftir atvikum er hægt að leggja fram tillögur um viðbótar vöktunarpætti. Verkefnið er liður í LIFE Icewater verkefninu nr. 101147387 sem nær yfir tímabilið 2025–2030 og er samfjármagnað af Evrópusambandinu.

Tafla 1. Yfirlit yfir vöktunarpætti árið 2025:

Tegund sýna/staður	Mælibreytur	Tíðni mælinga
Vatnsbolur Þörungasýni.	Blaðgrænusýni á 1, 5, 10, 20, 35, 45, 55 og 65 m dýpi auk útfalls. Úr útfalli er tíðni þéttari fyrri hluta sumars. Að auki tekin sýni úr vatnsbol eins og áður sem mögulega verða greind síðar.	Á stöð 3, 4 skipti á ári. Alls 36 sýni Þörungasýni alls 35
Svifdýr (45 µm) Vatnsbolur	Talningasýni á 1, 5, 10, 25, 35, 45, 55 og 65 m dýpi að auki við útfall. Að auki við Steingrímsstöð.	Á stöð 3, 4 skipti á ári. 32 sýni Alls 36 sýni
Eðlis-efnafræði Vatnsbolur	Hitastig, sýrustig, rafleiðni á sama dýpi og að ofan. Rýni mælt. Tíu hitasíritar á 4–40 m dýpi.	Á stöð 3 og við Steingrímsstöð, 4 skipti á ári. Stöð 2 maí–október.
Murta – veidd í rannsóknanet	Lengd, þyngd og aldur.	Mælt í október.
Eðlis-efnafræði í útfalli, lindum og vatnsbol	Hitastig, sýrustig, rafleiðni aðal- og snefilefni í útfalli, aðal-, snefil- og næringarefni í lindunum. Auk þess næringarefni á tveimur dýpum á stöð 3.	Útfall 4 sýni, Vellankatla og Silfra 1 sýni Stöð 3, 4 sýni (5 og 35 m dýpi).

Kostnaðaráætlun við sýnatöku, mælingar og úrvinnslu sýna vegna lífríkis- og efnavöktunar er sýndur í töflu 1. Heildarkostnaður er 5.545.316,- kr. sem skiptast sem hér segir á milli verkþátta:

Tafla 2. Kostnaður við lífríkisrannsóknir og efnavöktun í Þingvallavatni 2025

Vettvangsferðir lífríkisrannsóknir	Pr. ferð	á ári (4 ferðir)
Akstur	10.000	40.000
Dagpeningar	17.300	69.200
Vinna	341.446	1.365.784
Bátur, tæki og áhöld	30.000	120.000
Úrvinnsla, smádýr og blaðgræna		
Svifdýr	300.000	1.200.000
Blaðgræna a ljósgleypnimælingar	17.000	68.000
Samantekt gagna	119.000	119.000
Vettvangsferð murturannsókn		
Vinna	270.000	270.000
Bátur, tæki og áhöld	30.000	30.000
Úrvinnsla, murta		
Sýnasöfnun og mælingar á afla	711.110	711.110
Frágangur gagna	142.222	142.222
Efnavöktun í lindum og útfalli		
Söfnun og efnagreiningar Þingvallavatn	82.500	660.000
Samantekt gagna og skýrslugerð	750.000	750.000
Samtals		5.545.316